



Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes


Akranesi, 22. júní 2016
1605174 RÁ/sas

Efni: Skilti við Hvalfjarðargöng

Á fundi bæjarráðs Akraness sem haldinn var 22. júní, samþykkti bæjarráð að óska eftir leyfi til Hvalfjarðarsveitar til að setja upplýsingar á skilti við Hvalfjarðargöng, norðan megin við hringtorgið, þar sem svokallað Krónuskilti er nú staðsett. Bæjarráð fól undirritaðri að fylgja málinu eftir gagnvart Hvalfjarðarsveit. Einnig var samþykkt að óska eftir aðalskipulagsbreytingu, til að hægt verði að nýta skiltið til auglýsinga í framtíðinni.

Forsaga málsins er sú að forsvarmenn KFÍA hafa unnið að því í rúmlega eitt ár að koma upp flettiskilti við Hvalfjarðargöng með auglýsingum. Markmiðið er að auglýsa bæjarfélagið og veita helstu fyrirtækjum aðgang að skiltinu og ná þannig inn tekjum til félagsins. Akraneskaupstaður hefur frá upphafi verið jákvæður varðandi þátttöku í kostnaði við uppsetningu skiltisins þar sem það er mikilvægt að vekja athygli á bæjarfélaginu við aðkomuleiðir að bænum. Forsvarsmenn KFÍA hafa fengið leyfi hjá landeiganda og sóttu um leyfi hjá Hvalfjarðarsveit. Skipulagsfulltrúi sendi beiðnina til Umhverfisstofnunar sem hafnaði henni með tilvísun í lög um umhverfisvernd. Auglýsingaskiltin eru talin valda truflun í umferðinni og sjónmengun. Til þess að nýta megi svæðið undir auglýsingaskilti þarf að skilgreina landið sem þéttbýli. Öðru máli gegni um upplýsingaskilti.

Undirrituð óskar eftir því við Hvalfjarðarsveit að landið verði skilgreint sem þéttbýli og að Hvalfjarðarsveit geri breytingar á aðalskipulagi til þess að hægt sé að setja upp auglýsingaskilti í framtíðinni. Til bráðabirgða er óskað eftir því við Hvalfjarðarsveit að





Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður fái heimild til þess að nýta skiltið sem þegar er til staðar (auglýsing Krónunnar hefur verið tekin niður) til að upplýsa um vegalengd til Akraness og bjóða vegfarendur velkomna. Þar sem báðar aðkomuleiðir að Akranesi eru í gegnum Hvalfjarðarsveit þá vonast undirrituð eftir jákvæðum viðbrögðum frá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar en mjög algengt er að sveitarfélög kynni sig með svipuðum hætti.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Regina Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri